

Nd. **609. Breytingartillögur** [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
 31. gr. orðist svo:

Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.
 - Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.
Hjá hjónum kr. 50 000.00.
Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 35. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Í kaupstöðum skulu útsvör kr. 1500.00 og lægri felld niður.